



Fréttatilkynning
20 March 2026 16:14:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 23. mars

Íslandsbanki verður með útboð á sértryggðum skuldabréfum mánudaginn 23. mars 2026. Boðnir verða út flokkarnir ISB CBF 28 og ISB CBI 32.

Útboð ISB CBF 28 verður með þeim hætti að öll skuldabréfin verða seld á sama verði eða hæsta samþykkt álagi ofan á 1 mánaða REIBOR.

Fyrirkomulag útboðs ISB CBI 32 verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða seld á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni.

Bankinn áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 30. mars 2026.

Sértryggðu skuldabréfin verða gefin út undir útgáfuramma Íslandsbanka fyrir sértryggð skuldabréf. Grunnlýsingu ásamt viðaukum má finna á vefsíðu fjárfestatengsla: [Sértryggð skuldabréf grunnlýsing](#).

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 23. mars 2026.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 23. mars](#)